

[Title]



FJÁRVÍS.IS - Handbók

skýrsluhaldsgrunnur í sauðfjárrækt
www.fjarvis.is

Útgáfa 2.3.0
Nóvember 2016
Síðasta breyting: 24.11.2016

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Almennt.....	4
Uppbygging kerfis.....	4
Notandi.....	5
Lifandi gripir	5
Samningur við dýralækni.....	5
Skráningarvalmyndir	7
Vorbók.....	7
Villuprófun – Skil að vori	10
Vorskráning – Gátlisti	11
Skrá fang.....	12
Skrá sæðingar	14
Skrá fósturmóður milli búa.....	15
Skrá fósturtalningu	16
Skrá afdrif gripa	17
Skrá atburð.....	18
Haustbók	19
Skrá afdrif lamba að hausti	20
Villuprófun – Skil að hausti.....	21
Haustskráning – Gátlisti	22
Skrá lífþunga.....	23
Innlestur þungaupplýsinga / Að útbúa CSV skrá	24
Skrá slátrun	28
Skrá slátrun – staðfesta sláturupplýsingar	28
Skrá slátrun – handvirk skráning	30
Skrá dóma	31
Skrá dóma / Gagnaskrá í Excel	32
Skrá sölu gripa / Staðfesta kaup á gripum.....	36
Skrá ástæðu förgunar.....	38
Yfirlitssíður / Búið mitt	39
Beiðni um stofnskráningu	39
Gripaleit.....	39
Gripaleit – Yfirlit gripa.....	41
Gripaleit – Yfirlit gripa / Endurlífgun.....	42
Gripaleit – Ættartré	42

Gripaleit – Afkvæmi.....	43
Gripaleit – Flutningssaga.....	44
Gripaleit – Heilsukort.....	44
Gripaleit – Þungi.....	44
Gripaleit – Kynbótamat.....	45
Gripaleit – Lífdómur.....	45
Kynbótamat.....	46
Fangyfirlit.....	46
Kaup/söluyfirlit.....	47
Atburðayfirlit.....	48
Sæðingayfirlit.....	48
Dómayfirlit.....	48
Þungayfirlit.....	49
Sláturfirlit.....	49
Afdrifayfirlit.....	49
Bússkýrslur.....	50
Bússkýrslur – Skýrslur búsins.....	50
Bússkýrslur – Prentun bókar.....	50
Aðstoð/leiðbeiningar.....	51
Annað.....	51

Inngangur

Á þeim síðum sem hér fylgja verður gerð grein fyrir helstu skráningarþáttum í sauðfjárkerfinu Fjárvis sem er skýrsluhaldsgrunnur sauðfjárræktarinnar í landinu.

Kerfið er netkerfi og byggir í meginatriðum á því að gagnafærsla í skýrsluhaldsgrunninn sé öll í höndum einstakra fjáreigenda. Markmið skýrsluhaldsins er að sjálfsgöðu að vera grunnur upplýsinga um ætterni og afurðir fjárins. Þar á fjárbóndinn að geta sótt ýmsar upplýsingar um búíð sem og einstaka gripi þess á hverjum tíma. Um leið eru þessar upplýsingar grunnur fyrir útreikninga á kynbótamati einstakra gripa fyrir fjölmarga eiginleika.

Rétt og vönduð færsla á upplýsingum verður ætíð lykilatriði því þær mynda grundvöll allra útreikninga og úrvinnslu gagna fyrir sauðfjárræktina. Niðurstöður verða aldrei betri en forsendur sem skráðar eru inn.

Fjárvis gagnagrunnurinn var uppfærður árið 2015 en kerfið var tekið í notkun á árinu 2007. Við endurbæturnar árið 2015 var reynt að hafa skráningarvalmyndir sem einfaldastar og líkja þær eftir því að unnið sé með opnar fjárbækur á skjánum. Þó eru til fleiri en ein leið að sumum skráningarvalmyndum. Slíkt verður skýrt út nánar þar sem það á við. Grunnreglan við færslu skýrsluhalds er sú að skráningar ársins séu færðar í tímaröð en slíkt tryggir líka sem réttasta skráningu gagna.

Gert er ráð fyrir að skýrsluhaldið sé gert upp tvisvar sinnum á hverju framleiðsluári, uppgjör að loknum sauðburði og síðan uppgjör að loknum hauststörfum. Til að geta skilað voruppgjöri þarf að gera grein fyrir afdrifum fangs og burðar allra áanna á búinu. Til að standast haustuppgjör þarf að gera grein fyrir afdrifum allra lamba ársins, eins mega engin ófrágengin gögn standa útaf frá fyrri árum ef t.d. leiðréttingar á gögnum eru framkvæmdar. Einnig þarf að vanda afdrifaskráningu á fullorðnu fé.


Kerfið virkar best fyrir Google Chrome vafrann. Sérstaklega á það við um skráningarviðmót fyrir vorbók og haustbók. Þar gætu komið upp ófyrirséðar villur í öðrum vöfrum. Til lengri tíma er stefna að þróa smáforrit (APP) sem tengist Fjárvis.

Slóðin á Fjárvis er www.fjarvis.is, þá opnast fyrst Bændatorg og þaðan tengir notandi sig á Fjárvis. Greinarmunur er gerður á litlum og stórum stöfum í notandanafni og lykilorði.

Til að sækja um aðgang þarf að stofna aðgang að Bændatorgi og sækja um aðgang að Fjárvis þar inni.

Almennt

Uppbygging kerfis



Forsíða Fjárvis lítur út líkt og myndin hér að ofan. Á myndinni hafa verið tölusett nokkur atriði sem verða skýrð nánar hér að neðan.

1. Notandi

Þar undir eru nánari upplýsingar um viðkomandi notanda en eins stillingar til að panta/afpanta prentun fjárbóka. Eins má þar finna rafræna umsókn um samning til dýralæknis vegna notkunar sýklalyfja.

2. Skráning / Vorbók / Haustbók

Í grænu röndinni efst eru felligluggar til að velja í hvaða skráningarvalmynd á að fara. Eins eru á forsíðunni dálkar sem heita Vorbók og Haustbók. Þar undir eru sömu tenglar og í felliglugganum. Notendur hafa því val um hvaða leið er valin til að fara inni skráningarvalmyndir kerfisins.

3. Yfirlit / Búið mitt

Hér eru tenglar í gripaleit og ýmis fleiri yfirlit þar sem hægt er að skoða upplýsingar bús og eins gera leiðréttingar ef með þarf.

4. Upplýsingar um bú

Í gráu línunni eru upplýsingar um búið sem er opið, býlisnúmer, nafn ábúenda og opið framleiðsluár.

5. Lifandi gripir

Þessi stöðustika er alltaf á forsíðu Fjárvis. Hún sýnir hversu margir gripir eru lifandi á búinu hverju sinni.

6. Bússkýrslur / síðustu gagnaskil

Tengill á skýrslur búsins og eins skýrslur úr sameiginlegu starfi sauðfjárræktarinnar. Eins eru þarna upplýsingar um hvenær síðustu gagnaskil voru framkvæmd. Þær dagsetningar eru alltaf á skjánum og breytast við hver ný gagnaskil.


7. Fréttir / Leiðbeiningar

Neðst er svo rammi fyrir fréttir varðandi Fjárvis. Í leiðbeiningahlutanum er tengill á þessar leiðbeiningar og eins á kennslumyndbönd sem hafa verið útbúin fyrir kerfið.

Notandi

Undir valmyndinni notandi eru tenglar með nánari upplýsingum um notandann, upplýsingum um opið bú og stillingar búsins. Eins er þarna möguleiki á útskráningu úr kerfinu. Hún er jafnframt til staðar í hægra horni á forsíðu.


Í valmyndinni stillingar velur notandi hvort hann vill fá sendar prentaðar fjárbækur og hvort gögn hans bús sé birt í sameiginlegum uppgjörum sauðfjárræktarinnar. Neðst í þessari valmynd er svo umsókn um rafrænan samning við dýralækni. Í þessari útgáfu leiðbeininganna verður ekki farið nákvæmlega yfir lyfjaskráningu.



Stillingar


- Birta gögn í sameiginlegum uppgjörum sauðfjárræktar
- Fá senda vorbók frá RML
- Fá senda haust frá RML

Vista stillingar

 Sækja um samning við dýralækni

Ef vorbók og haustbók er send til notenda frá RML kostar slík prentun 2.000 kr. án/VSK á hverja bók. Undir liðnum „Bússkýrslur – Prentun bókar“, seinna í þessum leiðbeiningum er farið yfir hvernig notendur geta sjálfir prentað bækur.

Lifandi gripir

Lifandi Gripir Ær: **222** Hrutar: **13** Lömb: **0** Sauðir: **17** Smálömb: **12**  [Gripaleit](#)

Á forsíðunni er hverju sinni yfirlit yfir lifandi gripir.

Þar skiptast lifandi gripir í ær, hrúta, lömb, sauði og smálömb.

Lömb eru allir lifandi gripir sem ekki hafa fengið skráð haustafdrif á fæðingarári sínu.

Ef hrútlamb er sett á sem smálamb/síðheimtungur er hann skilgreindur sem sauður í kerfinu.

Ef gimbrarlamb er sett á sem smálamb/síðheimtungur er hún skilgreind sem smálamb í kerfinu.

Sauðir og smálömb geta ekki orðið foreldrar gripa í kerfinu – þetta er því utanumhald um ásetta gripir sem ekki eru í framleiðslu.

Af því leiðir að hrútur sem eignast afkvæmi en er svo geltur seinna verður ætíð að vera skráður sem hrútur í kerfinu því allir foreldrar verða að vera annað hvort skráðir sem ær eða hrútur.

Samningur við dýralækni

Nauðsynlegt er að bændur hafi samning við dýralækni um afhendingu sýklalyfja sbr. reglugerð þar um. Með þessum samningi fá þeir afhent sýklalyf frá dýralækni án undangenginnar greiningar, að öðrum kosti er dýralækni óheimilt að afhenda sýklalyf til bænda. Undir valmyndinni „Notandi > Stillingar“ er sótt um rafrænan samning við dýralækni. Mælst er til þess að bændur sækji um samning við þann/þá dýralækna sem þeir eiga í viðskiptum við. Þegar smelt er á tengilinn „Sækja um samning við dýralækni“ opnast þessi valmynd:

Sækja um samning við dýralækni

Skilyrði

Dýralæknir og bóndi á starfssvæði dýralæknisins gera samning sín á milli vegna notkunar á sýklalyfjum sem dýralæknir afhendir bónda að fenginni undanþágu.

Dýralæknir afhendir sýklalyf, fljótvirkt pensillín sé þess nokkur kostur, til notkunar á búi bónda eins og þarf til meðhöndlunar þeirra grípa sem veikjast.

Dýralæknir skráir öll afhent lyf í lyfjaskáp viðkomandi bónda í skráningarkerfið Heilsu.

Bóndi skal hafa samráð við dýralækni sem samningur er gerður við, þegar hann telur þörf á að nota sýklalyfið.

Bóndi skal eingöngu nota sýklalyfið fyrir sauðfé.

Bóndi skal skrá alla lyfjagjöf sem hann framkvæmir í heilsuhlutann í LAMB samkvæmt 13. gr reglugerðar nr. 916/2012 um merkingar búfjár.

Samningur þessi er ótímabundinn en fellur úr gildi séu skilyrði þau sem sett eru fram hér að ofan ekki virt.

Dýralæknir

Sækja um samning

Þarna þarf bóndi (notandi) að velja þann dýralækni sem hann verslar við og smella svo á „Sækja um samning“. Ef viðkomandi er í viðskiptum við fleiri en einn dýralækni er sótt um annan samning við þann dýralækni. Bóndi (notandi) getur verið með samning við eins marga dýralækna og þurfa þykir. Þegar bóndi hefur sótt um samning berst rafræn beiðni til viðkomandi dýralæknis, sem þarf að samþykka samninginn í Búfjárheilsu sem er tölvukerfi MAST varðandi lyfjagjafir og lyfjaskráningu.

Skráningarvalmyndir

Í þessum kafla verður farið yfir allar helstu skráningarvalmyndir í Fjárvis.

Vorbók

Þegar vorbók er opnuð birtist þessi valmynd:

NÚMÉR	LITUR	ATBURÐIR	PUNGI		FÉKK			BURÐUR		UMFANG	KYN	LAMBIA NÚMÉR	LITUR	AFDRIF VOR	ATHUGASEMÐIR	AFDRIF	DAGS MÁN
			OKT	APR	DAGS MÁN	HRÖTUR	AFDRIF FANGS	BIURDAGS	BURÐUR								
08-805																	
Rós																	
08-806																	
08-807																	
09-901																	
09-902																	
09-903																	
09-906																	
10-001																	
10-002																	
10-003																	

Valmyndin líkir eftir því að gula fjárbókin sé opin á tölvuskjánum. Ýmis stillingaratriði er hægt að framkvæma á valmyndinni eftir því hvað hverjum og einum notanda finnst þægilegt hverju sinni.

Á hverjum tíma eru alltaf 12 ær á skjánum – það er sami fjöldi og er á hverri opnu í gulu bókinni.

Þó er hægt að vinna með skráningu á einni og einni kind í einu. Það er gert með því að nota innsláttarreitinn uppi hægra megin og velja leitaratriði í felliglugga til hliðar.



Með þessu móti er hægt að leita að númeri ærinnar, nafni, hægt er að leita að öllum ám sem fá hjá sama hrút, leita eftir afdrifi fangs o.s.frv.



Í hægra horni upp er mynd af tannhjóli – þar undir er stillingarvalmynd vorbókar.

Ef smellt er á tannhjólíð opnast þessi valmynd – til að loka valmyndinni er smellt aftur á tannhjólíð.

Stillingar

Sýnilegir dálkar dálkur

- númer/nafn
- litur/horn
- atburðir ær
- þungi
- fékk
- burður
- lambið

Uppröðun

Númer

Öfug uppröðun Slökkva á ábendingum

Óuppgerðar ær Vista stillingar

A A A

Í valmyndinni til vinstri eru tveir kassar fyrir framan hvert atriði. Fyrir ofan aðra kassaröðina er mynd af auga og fyrir ofan hina kassaröðina er mynd af blýanti. Ef er hak í fremri kassanum táknar það að reiturinn er sýnilegur en

ef það er hak í seinni kassanum mun bendillinn stoppa í reitnum þegar ferðast er áfram um vorbókina með því að ýta á Enter.

Í þessar valmynd er því hægt að stilla hvernig vorbókin lítur út og fela þau atriði sem notandi vill ekki skrá hverju sinni, s.s. fangdag eða burðarhjálp.

Í valmyndinni til hægri er hægt að breyta leturstærð vorbókar. Eins er þar hægt að vista stillingar þannig að þegar farið er útúr vorbók þá opnast hún með sömu stillingum og áður í næsta skipti. Með því að hafa hak í „Óuppgerðar ær“ birtast aðeins á skjánum hverju sinni þær ær sem eftir er að skrá burð á. Ær sem búið er að skrá burð á detta þó ekki út nema vorbókin sé endurhlaðin með því að ýta á F5. Eins er þarna hægt að slökka á ábendingum en með því að renna með músinni yfir grænu röndina uppi koma upp gluggar hverju sinni sem birta möguleg skráningaratriði hvers reits.

FÉKK		BURÐUR									
HRÚTUR	AÐRIF FANGS	BURÐDAGS	BURÐUR								
<p>Afdrif:</p> <table border="0"> <tr> <td>1 - Ærin hélt</td> <td>5 - Óborin við voruppgjör</td> </tr> <tr> <td>2 - Ærin lét</td> <td>6 - Gemlingur hafður geldur</td> </tr> <tr> <td>3 - Ærin geld</td> <td></td> </tr> <tr> <td>4 - Drapst fyrir burð</td> <td></td> </tr> </table>				1 - Ærin hélt	5 - Óborin við voruppgjör	2 - Ærin lét	6 - Gemlingur hafður geldur	3 - Ærin geld		4 - Drapst fyrir burð	
1 - Ærin hélt	5 - Óborin við voruppgjör										
2 - Ærin lét	6 - Gemlingur hafður geldur										
3 - Ærin geld											
4 - Drapst fyrir burð											

Burðarskráningin virkar síðan þannig að skrá þarf í reitina í réttri röð – þegar gerð hefur verið grein fyrir afdrifi fangs opnast þeir reitir sem hægt er að skrá í o.s.frv. Eignist ær 4 lömb fjölgar línunum fyrir fjölda lamba þegar fjöldinn fæddra lamba hefur verið skráður í burður.


Þegar skrá á fang í vorbók er hægt að slá beint inní reitinn „Hrútur“ númer viðkomandi hrúts ef sá hrútur er á viðkomandi búi, í fjárræktarfélagi búins eða er á sæðingastöð.

Ítarlegri leiðbeiningar um fangskráningu eru í sér kafla seinna.

NÚMER	LITUR	ATBURDIR	PUNGI		DAGS MÁN	FÉKK
			OKT	APR		HRÚTUR
NAFN	HORN		JAN	FT		
08-805						I
Rós						

Jafnframt er hægt að kalla fram leitarglugga fyrir hrúta með því að ýta á „F2“ á lyklaborðinu. Sama gildir um leit að fósturmóður þegar leita á að henni við skráningu fósturmóður.

Þegar hrútaleit er kölluð upp opnast þessi valmynd:



Í þessari valmynd er hægt að leita að öllum hrútum, allt eftir því hvernig leitarskilyrði eru notuð. Með því að smella svo á nafn viðkomandi hrúts í leitarniðurstöðum er viðkomandi hrútur skráður sem faðir lambsins.

Hjá hverju lambi er hægt að skrá athugasemd og fylgir sú athugasemd þá lambinu áfram út framleiðsluárið. Í afkvæmayfirlit móður lambs er hægt að skoða athugasemdir afkvæma hennar og því má nota sama reit til að skrá athugasemd um móður lambsins – sú athugasemd er þá alltaf aðgengileg í afkvæmayfirliti hennar.

Þegar skráðar hafa verið upplýsingar um eina kind og „Enter“ hnappurinn er notaður til að ferðast áfram um vorbókina þá eru upplýsingar vistaðar í gagnagrunn um leið og skipt er milli lína.

„Enter“ er því lykilhnappur til að ljúka færslu við hvern grip – þ.e. fara út línuna.

Notendur geta byrjað að skrá upplýsingar um næstu kind á skjánum, meðan upplýsingar um þá fyrri eru vistaðar í gagnagrunn. Til að fylgjast með vistun gagna má fylgjast með stundaglassi sem staðsett er niðri í vinstra horni.



Þegar vistun á sér stað verður það rautt í augnablik. Ef rauða ljósið slokknar ekki strax getur netsamband verið slæmt og mögulega gott að endurræsa Fjárvís með því að loka vafranum og opna hann aftur.

Til að leiðrétta áður skráða burðarfærslu eru tvær lausnir – önnur er að stroka út rangt skráð gildi í viðkomandi reit og skrá nýtt. **Passa að fara með Enter gegnum allt sviðið til að upplýsingar vistist.** Hin er að eyða öllum burðarupplýsingum með einni aðgerð. Með því að nota flýttiskipunina „Ctrl-E“ er öllum burðarupplýsingum viðkomandi ær eytt út. Þá er hægt að skrá upplýsingar að nýju – þessa aðgerð ætti ekki að nota nema allar upplýsingar séu rangar, t.d. ef notandi hefur farið línuvillt.

Á YouTube má finna kennslumyndband þar sem burðarskráning er sýnd skref fyrir skref. Tengil á það myndband fá finna á heimasíðu RML en eins með því að nota leitarorðið „Burðarskráning“ á YouTube.

Jafnframt er í vorbók hægt að skrá nafn, lit og hornafar áнна á einfaldari hátt en með því að breyta hverjum grip í nánar um grip í gripaleit.

Með því að nota örvatakkana á lykklaborðinu er hægt að ferðast milli reita í vorbók.




Ef skráð er nafn á eina kind og svo ýtt á örvatakka niður fer bendillinn í nafnareitinn hjá næstu kind fyrir neðan. Sama gildir um skráningu á lit og hornum.

08-805
Rósl
08-806
08-807

Í góðu skýrsluhaldi eru skráðar nákvæmar upplýsingar um föður lamba, fæðingardag, fjölda fæddra lamba, kyn lamba, litur lamba skráður og fósturmóðir skráð á öll lömb sem vanin eru undir. Jafnframt þarf að vanda skráningu á afdrifum allra lamba.

Villuprófun – Skil að vori

Til að skila vorgögnum er farið í Villuprófun sem er til hliðar við tannhjólíð þar sem valmynd stillinga er uppi í hægra horni.




Þá opnast hliðarvalmynd með upplýsingum um fjölda færslna, villur sem þarf að laga og ábendingar. Ábendingar eru atriði sem notandi ætti að athuga hvort eru rétt skráð – ekki villur sem stoppa skil en gætu verið atriði sem þarfnast lagfæringa.

Neðarlega í þessari valmynd er hnappurinn „Skila vorgögnum“ en hann verður ekki virkur nema vorbókin sé alveg villulaus.

Á næstu síðu er mynd af hliðarvalmynd sem birtist þegar smelt er á „Villuprófun“.

Þegar vorgögnum er skilað birtist á forsíðu Fjárvis undir búið mitt, dagsetning skila. Sú dagsetning verður á forsíðu þar til næstu gagnaskil eiga sér stað.



Skil að vori ✕

Skráðar hafa verið 9 fangfærslur á þessu framleiðsluári

Skráðar hafa verið 19 burðarfærslur á þessu framleiðsluári

Sjá allar ær (10)

Villur

Ekki búið að gera grein fyrir ánni (1)

Aðrar villur

Engar aðrar villur fundust

Ábendingar

Sæðingarfærsla finnst ekki á bak við sæðingahrút (1)

Ærin gengur með 3 lömb eða fleiri (1)

Ærin gengur ekki með nein lömb (1)

Á myndinni hér til hliðar kemur upp undir Villur „Ekki búið að gera grein fyrir ánni (1)“ – það þýðir að eftir er að skrá burð á eina kind. Ef smellt er í hringinn fyrir framan mynd aðeins sú ær birtast á skjánum. Sama gildir ef um 4 ær er að ræða.

Undir ábendingar koma nokkur atriði sem notandi tekur afstöðu til hvort hann þurfi að laga. Ef smellt er á hringinn kemur upp listi yfir gripi sem athugasemdin gildir fyrir.

„Sæðingarfærsla finnst ekki á bak við sæðingahrút“
Þessi ábending kemur ef sæðishrútur er skráður faðir en ekki hefur verið skráð sæðing á viðkomandi ær með þessu hrút í desember.

„Ærin gengur með 3 lömb eða fleiri“
Þessi ábending kemur ef ærin er skráð ganga með fleiri en 3 lömb – hugsanlega hefur gleymst að skrá lamb vanið undir.

„Ærin gengur ekki með nein lömb“
Þessi ábending kemur fyrir ær sem hafa átt lömb en þau skráð dauð – hugsanlega hefur gleymst að skrá hana fósturmóður á öðrum lömbum.

Vorskráning – Gátlisti

- ___ Er búið að skrá fangupplýsingar á allar ær.
- ___ Er búið að leiðrétta fangfærslur á þeim ám sem ekki héldu við sæðishrút.
- ___ Er búið að leiðrétta aðrar fangfærslur – t.d. á ám þar sem hrútum er víxlað eftir ákveðið marga daga.
- ___ Er búið að skrá burðarfærslur á alla gripi.
- ___ Eru öll lömb sem vanin voru undir skráð með fósturmóður?
- ___ Ef lamb var vanið undir kind á öðru búi – var sú skráning rétt framkvæmd?
- ___ Er búið að yfirfara villulista.
- ___ Er búið að yfirfara ábendingar.
- ___ Er fjöldi lamba á forsíðu Fjárvis sá sami og hann á að vera – eru allir gripir skráðir í kerfið.
- ___ Er búið að skila vorgögnum?

Skrá fang

Í Fjárvís er undirvalmynd þar sem aðeins er hægt að skrá fang. Þessi valmynd hentar t.d. þeim notendum sem vilja skrá fangupplýsingar um leið og númer hafa verið tekin á öllum ám sem hafa fengið hjá ákveðnum hrút.

Fangskráning

Dagsetning

Hrútur

Ær

10-027

10-028

10-029

10-032

10-040

10-043

10-046

10-047

10-049

10-050

10-052

10-054

10-055

10-056

10-057

(386)

Valdar ær

Gemlingur hafður geldur

Á fangskráningarsíðunni birtast í lista allar lifandi ær sem ekki hafa skráð fang á opnu framleiðsluári. Gera þarf grein fyrir öllum ám í þessum lista eða samhliða skráningu vorbókar „Skrá vorbók“.

Athugið að ef ær er dauð fyrir fangskráningu (jafnvel löngu fyrr) þá skal **ekki** skrá á hana fang heldur skal farga henni í gegnum „Skrá slátrun“, „Skrá afdrif gripa“ eða með því að breyta grip í gegnum Gripaleit. Passa þarf að slíkir gripir séu skráðir dauðir í lok síðasta framleiðsluárs, lok framleiðsluárs í Fjárvís miðast við 31.10 ár hvert.

Ær valdar:

- Veljið þá á/ær úr listanum sem skal skrá á fang. Hægt er að skrá fang á sama hrút á fleiri en eina á í einu. Til að velja margar ær skal halda niðri Ctrl takkanum og smella með músinni á þær ær sem eiga að flytjast yfir í næsta dálk „Valdar ær“. Ef velja á margar samliggjandi ær er hægt að velja efstu ána af þeim sem á að velja, halda svo „shift“ takkanum niðri og velja neðstu ána. Þar með blokkerast allar ær á milli þeirra efstu og neðstu.
- Smellið á örvarhnappinn sem er á milli dálka til að færa valda gripi yfir í „Valdar ær“ listann. Athugið að einnig er hægt að tvísmella með músinni á ærnar til að færa þær á milli.

Hrútur:

- Sláið inn gripanúmer heimahrúta, fjárrættarfélagshrúta eða sæðingahrúta á forminu yy-xxx (y=ár, x=númer). Ef notaður er hrútur í öðru fjárrættarfélagi þarf að velja hann með því að smella á leita hnappinn (stækkunargler).
- Ef faðerni lambs er ekki þekkt má sleppa því að skrá það.

Dagsetning:

- Færið inn dagsetningu fangsins – aðeins þó ef fangdagur er þekktur.
- Þar sem hrútum er sleppt í ærnar og ekki fylgst með hvaða dag þær fá er betra að sleppa fangdegi en að skrá daginn ella verða villur við burðarskráningu. Þó dagsetningu vanti færast fangið alltaf sjálfkrafa á opið framleiðsluár.

Að þessu loknu er smellt á hnappinn „Skrá“ til að skrá upplýsingarnar í gagnagrunn.

Ef grip er ekki haldið (athugið kerfið gerir aðeins ráð fyrir að það eigi við um gemlinga) þá veljið viðkomandi ær yfir í „Valdar ær“ listann, hakið við „Gemlingur hafður geldur“ og smellið þvínæst á skrá.

Fangskráning

Dagsetning

Ær

08-806
08-807
08-810
08-812
08-813
08-814
08-816
08-823
08-826
08-832
08-846
08-848
08-853
08-854
08-855

(386)

Valdar ær

Hrútur
15-516 Glæsir

>> <<

Gemlingur hafður geldur

Skrá

Þurfi að leiðrétta fangfærslu er það gert í „Fangyfirlit“ eða við skráningu burðar í „Skrá vorbók“.

Skrá sæðingar

Þegar ær eru sæddar skal skrá á þær sæðingar gegnum þessa valmynd. Sé búið að ganga frá framleiðsluárinu á undan, þ.e. ef búið er að skila gögnum fyrir árið 2016 og opið framleiðsluár er árið 2017 og verið að skrá sæðingar á ær sem eiga að bera vorið 2017 verður sjálfkrafa til fangfærsla eins og sæðingafærslan.

Sé ekki búið að ganga frá árinu 2016 og það enn opið framleiðsluár verður ekki til fangfærsla á árinu 2017.

Valmyndin fyrir skráningu sæðinga virkar eins og valmyndin fyrir skráningu fangs.

Sæðingaskráning

Sæðingamaður (kt:) Dagsetning

Má ekki vera tömt Má ekki vera tömt

Klukkan Ósamst./samst. Tegund

Athugasemd

Sæðingahrútur

Má ekki vera tömt

Ær

Valdar ær

08-806	08-807
08-810	08-812
08-813	08-814
08-816	08-823
08-826	08-832
08-846	08-848
08-853	08-854
08-855	

(390)

Skrá

Til viðbótar er nauðsynlegt að skrá sæðingarmann og þá þarf að vita kennitölu hans. Eins þarf að skrá dagsetningu sæðingar.

Jafnframt skal skrá hvort ærin var ósamstillt/samstillt eða samstillt, sædd á öðru gangmáli við sæðingu.

Eins skal skrá tegund sæðis, þ.e. hvort um ferskt sæði er að ræða, gamalt ferskt (dagsgamalt sæði) eða um fryst sæði er að ræða.

Ef ær beiða upp er fangskráning leiðrétt í Fangyfirliti eða samhliða skráningu burðar í „Skrá vorbók“.

Í vorbók er villuprófun þannig ef dagsetning sæðingar og burðardagur er rétt skráð er ekki hægt að skrá burð ef ærin hefur gengið upp nema leiðréttta fangfærslu.

Skrá fósturmóður milli búa

Í Fjávís er núna möguleiki að skrá lömb vanin undir ær sem staðsettar eru á öðru búi. Regla er þá sú að lambið kemur til nýttja á því búi þar sem fósturmóðirin kemur til uppgjörs – þ.e. allar upplýsingar um lambið að hausti þarf að skrá á því búi.

Til að skrá lamb vanið undir fósturmóður á öðru búi er tengillinn „Skrá fósturmóður milli búa“ valinn. Þá opnast þessi valmynd:

Skrá fósturmóður á öðru búi

Athugið að fósturbúið þarf að vera stillt á sama framleiðsluár og fæðingarbúið

Til þess að eyða skráningu skal hafa reitinn Fósturmóðir auðan

Lamb	Búsnúmer fósturmóður	Fósturmóðir	
<input type="text" value="0003"/>	<input type="text" value="9000111"/>	<input type="text" value="12-555"/>	<input type="button" value="Skrá"/>
	<small>Kennslujörð 11</small>		

Þar þarf að velja lambanúmer þess lambs sem vanið er undir. Því næst þarf að slá inn búsnúmer á búinu sem fósturmóðirin er staðsett á og loks þarf að slá inn númer fósturmóður á forminu yy-xxx (y=ár, x=númer). Að endingu er ýtt á hnappinn skrá.

Á búi fósturmóðurinnar fer lambið beint inni haustbók. Í þessu ferli er númerið tekið úr því ef ske kynni að til væri lamb með sama númeri á því búi. Til að staðfesta það þangað inn þarf að gefa því lambanúmer þar.

Um leið og komið er lambanúmer á búi fósturmóður hefur notandi á búinu þar sem það fæðist misst allan breytingarrétt á viðkomandi lambi.

LAMBA NÚMER	FADIR	MÓÐIR	FOSTUR MÓÐIR	BURÐ DAGS	LITUR	KYN	BURÐUR	GEKK
0556	10-920 Kölski	12-555		15-05	12	1	1	2
557	10-920 Kölski	08-805 Rós	12-555	15-05	13	1	3	2

Til að eyða úr skráningu sem búið er að framkvæma þarf notandi á búi fósturmóður fyrst að eyða út lambanúmerinu sem hann gaf lambinu á sínu búi.

Þá getur notandi á fæðingarbúi farið aftur í valmyndina til að skrá, setur inn lambanúmer og búsnúmer fósturmóður en sleppir því að skrá númer á fósturmóður og ýtir á skrá. Þá er færslunni eytt og viðkomandi bóndi hefur öðlast breytingarrétt á lambinu aftur.

Það er því nauðsynlegt að skrá burðarfærslur þessara lamba rétt svo komast megji hjá því að gera leiðréttingar sem eru bæði tímafreakar og flóknar ef búið er að skrá mikið af upplýsingum á lambið.

Allar leiðréttingar þarf að hugsa í tímaröð afturábak.

Skrá fósturtalningu

Ef talin eru fóstur í ám að vetrinum er hægt að skrá fjölda talinna fóstura í Fjárvis. Ekki er um skylduskráningu að ræða heldur val. Ef búið er að skrá fjölda talinna fóstura og fang prentast þær upplýsingar í vorbókina ef notendur kjósa að prenta hana sjálfir út sem PDF skjal.

Valmyndin fyrir fósturtalningu lítur svona út:

Fósturtalning

Talningarmaður	Lengd frá gjöf	Dagsetning	Flokkað samdægurs
<input type="text"/>	Minna en 18 klst frá síðu	15-02-2016	<input type="checkbox"/>

Gripir

Valdir gripir

08-806 08-807 08-810 08-812 08-813 08-814 08-816 08-823 08-826 08-832 08-846 08-848 08-853 08-854 08-855	>> <<	
--	-------	--

(413)

Fjöldi	Par af dauð	Athugasemd - fasti	Athugasemd
1	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>

Valmyndin er mjög lík valmynd fyrir skráningu fangs og skráningu sæðinga. Fyrst þarf að skilgreina hvort eru meira eða minna en 18 klst frá síðustu gjöf og skrá dagsetningu sem fósturtalning er framkvæmd. Því næst eru gripir valdir með því að færa þá úr vinstri dálki yfir í þann hægri. Því næst er valin fjöldi talinna fóstura og smellt á hnappinn „Skrá“.

Valfrjálst er að skrá nafn talningarmanns, og svo er hægt að skrá athugasemdir við grip. Athugasemdir hentar síður að skrá þegar margir gripir eru valdir.

Ekki er nauðsynlegt að vera búinn að skrá fang á alla grip til að skrá fósturtalningu.

Athugið að ef verið er að skrá afdrifin „vantar af fjalli“ og búið er að skrá fjölda fóstura, þá þarf fyrst að eyða þeirri skráningu út til að hægt sé að skrá gripinn dauðann.

Leiðréttingar á skráningu fósturtalningar eru framkvæmdar í „Fangyfirliti“.

Skrá afdrif gripa

Undir valmyndinni „Skrá afdrif gripa“ er hægt að skrá afdrif á alla gripi. Þessi valmynd er þó meira ætluð til að skrá afdrif á fullorðna gripi.

Leiðbeiningar fyrir skráningu afdrifa lamba verða skýrðar nánar síðar.

Byrjar þarf á því að velja tegund gripa sem skrá á afdrif fyrir þar sem möguleg afdrif sem hægt er að skrá taka mið af því.

Afdrifaskráning

Kyn Afdrif Dagsetning

Má ekki vera tómt Má ekki vera tómt

Gripir

Valdir gripir

08-806	>>	<<	
08-807			
08-810			
08-812			
08-813			
08-814			
08-816			
08-823			
08-826			
08-832			
08-846			
08-848			
08-853			
08-854			
08-855			

(413)

Fyrir fullorðna gripi er hægt að skrá slátrun þarna en æskilegt er að skrá allar sláturupplýsingar gegnum „Skrá slátrun“ svo upplýsingar skili sér réttar í kerfinu.

Eftir að tegund gripa hefur verið skilgreind er hægt að velja grip með því að flytja þá milli glugga – velja afdrif og dagsetningu afdrifa og smella loks á hnappinn „Skrá“.

Athugið ef verið er að skrá afdrifin „Vantar af fjalli“ er æskilegt dagsetning afdrifa sé 31.10 þess árs sem er að líða svo gripurinn sé ekki í vorkbók næsta árs og gert ráð fyrir að skrá burð á hann þar.

Skrá atburð

Í atburðaskráningu er hægt að skrá ýmsa atburði á grip. Sem dæmi má nefna tannlos, júgurbólga, slæmir fætur o.s.frv. fyrir fullorðna grip. Fyrir lömb er hægt að skrá að þau séu ómarktæk til einkunnar eða skilgreina þau í sér uppgjörshóp ef þeim hefur verið beitt á grænfóður. Hægt er að skrá marga atburði á hvern grip á hverju ári.

Skrá atburð:

- Kyn grips er valið. Við það fyllist „Gripir“ sviðið af lifandi gripum með þetta kyn skráð.
- Ef skrá á atburð á lömb kom öll lömb framleiðsluárs upp. Lömb sem eru dauð er merkt með X fyrir aftan númer.
- Skráið dagsetningu og veljið atburð úr lista.
- Valfrjálst er að skrá athugasemd.
- Ýta á hnappinn „Skrá“.

Til að breyta eða eyða skráðum atburðum er farið í atburðayfirlit.

Atburðaskráning

Dauð lömb eru merkt með X

Kyn	Dagsetning	Atburður
Ær		

Athugasemd

Gripir

Valdir gripir

15-550
15-551
15-552
15-553
15-554
15-555
15-556
15-557
15-558
15-559
15-560
15-561
15-562
15-563
15-564


(383)

>> <<

Skrá

Skrá afdrif lamba að hausti

Notendur hafa þrjár leiðir til að skrá afdrif lamba að hausti. Ein er að skrá afdrif handvirkt á öll lömb í skráningarviðmóti haustbókar. Önnur er að skrá afdrif gegnum „Skrá afdrif gripa“ á forsíðu Fjárvís. Þriðja leiðin er hliðarvalmynd í skráningarvalmynd haustbókar.



Þá opnast valmynd líkt og sést hér til hliðar.

Hér er hægt að skrá afdrifin 2, 3, 4, 5, 6, 8 og velja mörg lömb með sömu afdrif í einu ef því er að skipta.

Haust afdrif 2 = Lamb sett á


Myndin til hliðar sýnir að hægt er að skrá þessi afdrif á mörg lömb í einu. Þá eru ásetningslömb dregin yfir í gluggann valin lömb.

Undir „Uppröðun“ er hægt að velja hvort þau raðist eftir lambanúmeri eða að öll hálfstykki samfeðra raðist saman.

Í upphafsnúmer er svo sett gripanúmer, þá er því númeri úthlutað á efsta lamb í listanum, næst lamb á eftir fær svo næsta gripanúmer á eftir.


Þetta er hentugt fyrir þá sem hafa samliggjandi númeraröð á hverju ári í ásetningslömbum.

Eins er þarna hægt að velja „Skrá eitt“ og þá eru skráð afdrif á eitt og eitt lamb í einu.




Ef valið er að skrá afdrif á eitt lamb er lambnúmer valið úr lista og síðan skráð gripanúmer. Um leið er hægt að skrá nafn og hornlag á gripinn í þessari valmynd.

Ef lömb eru seld á annað bú breytist valmyndin, sbr. næstu mynd og þá þarf að skrá dagsetningu sölu og búsnúmer kaupbús. Með því að smella á stækkunarglerið er hægt að leita að bú. Þar er hægt að leita eftir bæjarnúmeri (3D5), skýrsluhaldsnúmeri (030750) eða býlisnúmeri (7003051).



Villuprófun – Skil að hausti

Til að skila haustgögnum er farið í Villuprófun sem er til hliðar við tannhjól þar sem valmynd stillinga er uppi í hægra horni.



Þá opnast hliðarvalmynd með upplýsingum um fjölda færslna, villur sem þarf að laga og ábendingar. Ábendingar eru atriði sem notandi ætti að athuga hvort eru rétt skráð – ekki villur sem stoppa skil en gætu verið atriði sem þarfnast lagfæringa.

Neðarlega í þessari valmynd er hnappurinn „Skila haustgögnum“ en hann verður ekki virkur nema haustbókin sé alveg villulaus. Ein villan sem getur komið upp sé að villur séu í vorbók. Þá þarf að opna vorbók og fara í villuprófun þar.

Algengt er að gleymist að ganga frá skráningu fyrir ær sem fá fangafdrif 5 „Óborin við voruppgjör“, ær sem eru þannig skráningu að vori verða að fá aðra skráningu þegar gengið er frá haustskráningu.

Þegar haustgögnum er skilað birtist á forsiðu Fjárvís undir búið mitt, dagsetning skila. Sú dagsetning verður á forsiðu þar til næstu gagnaskil eiga sér stað.



Skil að hausti

Skráðar hafa verið 1352 afdrifafærslur á þessu framleiðsluári

Sjá öll lömb (1732)

Villur

Ekki er búið að gera grein fyrir afdrifum lamba (380)

Kjötprósenta er utan marka (30 - 55%) (1)

Aðrar villur

Engar aðrar villur fundust

Ábendingar

Fallþungi lambs minni en 7 kg (3)

Lamb fellt í sláturhúsi (30)

Lamb er eldra en 180 daga gamalt við slátrun (3)

Ástæða förgunar vantar á fullorðið fé (103)

Á myndinni hér til hliðar kemur upp undir Villur

„Ekki búið að gera grein fyrir afdrifum lamba (380)“

Það þýðir að eftir er að ganga frá afdrifum þeirra lamba fyrir skýrsluhaldsárið.

„Kjötprósenta er utan marka (30-55%)“

Það þýðir að annað hvort fallþungi eða lífþungi eru rangt skráður. Leiðréttu þarf aðra hvora skráninguna. Yfirleitt er fallþungi réttur gegnum sláturupplýsingar, nema á þeim lömbum sem skorið er af.

Undir ábendingar koma nokkur atriði sem notandi tekur afstöðu til hvort hann þurfi að laga. Ef smellt er á hringinn kemur upp listi yfir gripi sem athugasemdin gildir fyrir.

„Fallþungi lambs minni en 7kg“

Þessi ábending kemur fyrir lömb sem hafa skráðan fallþunga minni en 7 kg. Þar gæti verið um ranga skráningu að ræða eða lömb sem fara í úrkast. Þá er rétt að setja fallþunga á þau til samræmis við lífþunga svo afurðaeinkunn móður reiknist rétt.

Miða má við fallþunga sem nemur 40% af lífþunga.

„Lamb eldra en 180 daga gamalt við slátrun“

Þessi ábending kemur ef lamb munur á sláturdegi og fæðingardegi

er meiri en 180 dagar. Aðvörum ef önnur hvor dagsetningin er mögulega rangt skráð.

„Lamb fellt í sláturhúsi“

Þessi ábending kemur við lömb sem fá fellinguna. Athuga hvort rétt sé að leiðréttu fallþunga ef mikið skorðið af.

„Ástæða förgunar vantar á fullorðið fé“

Hægt er að skrá ástæðu förgunar á fullorðna grip sem er slátrað. Mælt með að þessi skráning sem framkvæmd og höfð vönduð. Nánar um þessa skráningu á öðrum stað í notendahandbók.

Haustskráning – Gátlisti

- Er búið að skrá lífpunga á öll lömb með þunga.
- Er búið að skrá dóma á öll lömb sem voru dæmd.
- Er búið að skrá slátrun á öll sláturlömb.
- Er búið að setja fullorðinsnúmer í öll ásetningslömb.
- Er búið að yfirfara ærlista og skrá dauða gripi sem vantar af fjalli.
- Er búið að staðfesta kaup á öllum gripum sem eru aðkeyptir fyrir næsta framleiðsluár.
- Er búið að skrá ástæðu förgunar á fullorðna gripi.
- Er búið að yfirfara villulista.
- Er búið að yfirfara ábendingar.
- Er fjöldi gripa á forsíðu Fjávís sá sami og hann á að vera – eru allir gripir skráðir í kerfið.
- Er búið að skila haustgögnum?

Pungaskráning


 Innlestur þungaupplýsinga

 Sjálfvirk skráning númera

Kyn	Fæðingarár	Lambanúmer	Valnúmer
Lömb ▼	2016		
Dagsetning	Pungi	Tegund þunga	Skrá
		Lífpungi lamba ▼	

Festa dagsetningu

Hér er skráður lífpungi – bæði lömb og fullorðnir gripir. Hægt er að skrá lífpunga á lömbin eftir að þeim hefur verið slátrað en fullorðnir gripir þurfa að vera lifandi.

Ásett lömb verða að fá skráningu lífpunga áður en fullorðinsmerki er sett í þau.

Innlestur þungaupplýsinga – hægt að lesa þungaupplýsingar inn úr Excel. Sérkaflí í notendahandbók.

Kyn: Hér skilgreint kyn þeirra gripa sem skrá á þunga á. Lömb, Ær, Hrútar, Sauðir eða Smálömb.

Ef skrá á þunga á lömb er númer þeirra slegið inní reitinn „Lambanúmer“.

Ef skrá á þunga á fullorðna gripi er númer þeirra slegið inní reitinn „Valnúmer“.

Dagsetning: Hér er dagsetning lífpunga slegin inn.

Ef verið er að skrá margar skráningar með sömu dagsetningunni er hakað við „Festa dagsetningu“ svo dagsetningin haldist sú sama milli skráninga. Ef hins vegar er verið að skrá mismunandi dagsetningar getur verið fljótlegra að hafa dagsetninguna ekki fasta og slá hana inn við hverja skráningu. **Pungi:** Hér er lífpungi skráður í kg. **Lífpungi er alltaf heiltala.** Ef lífpungi er t.d. 43,5 kg skal skrá 44 kg.

Tegund þunga: Skilgreina þarf tegund þunga, fyrir lömb er hægt að skrá lífpunga eða fæðingarþunga. Fyrir fullorðna gripi er hægt að skrá Haustþunga, Miðsvetrarvigtnun eða Vorvigtnun.

Til að breyta eða eyða eldri færslum er farið í „Þungayfirlit“ undir Búið mitt.

Innlestur þungaupplýsinga / Að útbúa CSV skrá

Hægt er að útbúa gagnaskrá í Excel fyrir lífþunga.

Ef smellt er á hnappinn „Innlestur þungaupplýsinga“ opnast valmynd þar sem gagnaskrá er lesin inn.

Þar kemur fram að línur í skrá þurfi að vera á forminu gripur, þyngd, dagsetning.

Það er í fyrsta dálk þarf að koma númer grips, í dálk tvö þarf að koma þyngd sem heiltala og í þriðja dálk dagsetning vigtunar. Heiti dálkana mega ekki koma fram í skjalinu.

Les inn gagnaskrá með þungaupplýsingum

Lamb Lífþungi lamba

No file chosen

① Línur í skrá þurfa að vera á forminu

gripur,þyngd,dagsetning

þar sem

- gripur er:
 - lambanúmer eða örmerki ef verið er að skrá lömb
 - valnúmer eða örmerki ef verið er að skrá fullorðin dýr
- þyngd er í kg (heiltala)
- dagsetning er á forminu DD-MM-YYYY eða DD.MM.YYYY.


Gagnaskrá í Excel þarf að líta svona út:

	A	B	C	D	E	F	G
1	4811	45	25.8.2015				
2	3271	39	25.8.2015				
3	1841	42	25.8.2015				
4	912	37	25.8.2015				
5	71	44	25.8.2015				
6	3641	52	25.8.2015				
7	1991	55	25.8.2015				
8	2281	48	25.8.2015				


Til að stilla að dagsetningin birtist á réttu formi, þarf að velja dálk C

	A	B	C	D
1	4811	45	25.8.2015	
2	3271	39	25.8.2015	
3	1841	42	25.8.2015	
4	912	37	25.8.2015	
5	71	44	25.8.2015	
6	3641	52	25.8.2015	
7	1991	55	25.8.2015	
8	2281	48	25.8.2015	
9				
10				
11				


Hægri smella með músinni yfir dálkinn og velja „Format Cells“ í glugganum sem opnast




Í valmyndinni sem þá opnast þarf að skilgreina dálkinn sem dagsetningu eins og myndin sýnir.



Til að vista gagnaskrá þarf að velja „Save As“ undir File í Excel og velja möppu í tölvunni þar sem geyma á skrána.



Þá opnast þessi gluggi hér:




Í File name er nafnið sem gefa á skránni sett inn.

Í Save as type þarf að skilgreina skrána sem „CSV (Comma delimited)“

Velja síðan Save

Í sumum útgáfum af Excel kemur upp aðvörun með þessum skilaboðum



Hér er valið „Yes“

Nú förum við aftur í FJÁRVÍS – Innlestur þungaupplýsinga

Les inn gagnaskrá með þungaupplýsingum

Lamb ▾ Líffungi lamba ▾

Choose File No file chosen

Skrá

i Línur í skrá þurfa að vera á forminu

gripur, þyngd, dagsetning

þar sem

- gripur er:
 - lambanúmer eða örmerki ef verið er að skrá lömb
 - valnúmer eða örmerki ef verið er að skrá fullorðin dýr
- þyngd er í kg (heiltala)
- dagsetning er á forminu DD-MM-YYYY eða DD.MM.YYYY.

Þar þarf að velja skilgreiningu þunga, Lamb/Fullorðið og tegund þunga eftir því hvað er valið. Síðan er smellt á „Choose File“ og skráin sem var búin til valin.

Síðan er ýtt á skrá og kerfið les gögnin inn.

Ef gögnin fara inn án athugasemda ættu þessi skilaboð að birtast

Les inn gagnaskrá með þungaupplýsingum

Lamb ▾ Líffungi lamba ▾

Choose File No file chosen

Skjalið hefur verið uppfært.

Skrá

Ef villa er í gagnaskránni, t.d. tvítekið lambanúmer eða lambanúmer sem finnst ekki eiga að koma villuskilaboð sem segja í hvaða línu skjalsins villan er. Þá þarf að opna skjalið aftur og lagfæra villuna því gögnin eru ekki lesin inn nema skjalið sé alveg villulaust.

Les inn gagnaskrá með þungaupplýsingum

Lamb ▾ Líffungi lamba ▾

Choose File No file chosen

Skrá

Villur

Lína 9: Dýr með númer 3273 finnst ekki.

Skrá slátrun

Skrá slátrun – staðfesta sláturupplýsingar

Sláturhús senda sláturskrár í gagnagrunn og er sjálfvirk lesning á þeim einu sinni á sólarhring. **Mjög mikilvægt er að yfirfara gögnin vel áður en þau eru „lesin inn í gagnagrunn“** því að eftir að gögnin hafa verið lesin inn og upp hefur komið að sláturupplýsingar eru ekki réttar þá þarf að leiðrétta upplýsingar hjá hverjum grip fyrir sig.

Tilkynning um að borist hafi óstaðfestar sláturupplýsingar birtast á forsíðu kerfisins undir Búið mitt. Sjá mynd.



Þarna er smellt á „Staðfesta sláturupplýsingar“. Þá opnast önnur valmynd.

Staðfesta sláturupplýsingar frá sláturhúsi

Athugið: Farið yfir sláturgögn fyrir hvert lamb og leiðréttið ef þörf er á (Leiðrétting). Þegar sláturgögn fyrir valda dagsetningu hafa verið leiðrétt þá er valið að lesa inn gögnin í gagnagrunn (Lesi inn í gagnagrunn). Ef ennþá leynast villur þá koma færslur fyrir þau lömb áfram í listaglugga.


Einstaklingsmerki. Lamb: [bæjarnr]+lambanr. Fullorönn: [bæjarnr]+síðustu tölur í fæðingarári+gripanr (þ.e. plötumerki).

Dæmi um lamb: Bæjarnr. RN8, lambanr. 0089 -> RN80089

Dæmi um fullorönn: Bæjarnr. QX7, fæðingarár 2013, gripanr. 065 -> QX713065

Dagsetning	Einstaklingsmerki	Vöðva- og fituflokkur	Fallþungi	
25.10.2016-SD	3D50742	E3+	22.8	
Sláturgögn	Upplýsingar um einstaklinginn	Önnur merking	Kjötprósenta	
Sláturnr.38 L0742 Hrutlamb	L0742 Hrutlamb		40.71	
Sláturnr.36 L2111 Hrutlamb Sláturnr.37 L3041 Hrutlamb Sláturnr.38 L0742 Hrutlamb Sláturnr.39 L5061 Gimbrarlamb Sláturnr.40 L4352 Gimbrarlamb Sláturnr.41 L4112 Gimbrarlamb Sláturnr.42 L2991 Gimbrarlamb Sláturnr.43 L1652 Gimbrarlamb Sláturnr.44 L2091 Hrutlamb Sláturnr.45 L0931 Hrutlamb Sláturnr.46 L2992 Gimbrarlamb	Sláturhús	Athugasemd		
	SAH Afurdir ehf			
	Leiðrétta	Eyða færslu	Eyða öllum færslum	Villuþrófa
	Lesi inn í gagnagrunn			

Mikilvægt er að leiðrétta sláturgögnin og skrá lífþunga á fulloröna gripi (ef þú ætlar að skrá lífþunga) ÁÐUR en gögnin eru lesin inn.

Þó gögnin hafi borist frá sláturhúsinu hafa þau samt ekki enn verið lesin inni kerfið heldur bíða þau staðfestingar bóndans um að þau séu rétt. Til að yfirfara sláturskrár og bera saman við fyrirliggjandi gögn bónda er þægilegast að taka skrána út í Excel með því að smella á táknið fyrir aftan dagsetningu . Allar sláturdagsetningar koma fram í skjalinu og gefur það því góða yfirsýn.

Ef valin er dagsetning birtast allar upplýsingar um slátrun þess dags undir Sláturgögn. Þegar smellt er á sláturúmer í listanum birtast nánari upplýsingar um sláturfærsluna í reitunum til hliðar. Þeim upplýsingum sem ekki eru í gráu boxi er hægt að breyta ef þær eru ekki réttar, þ.e. Einstaklingsmerki, Vöðva- og fituflokk og fallþunga.

Í reitnum „Upplýsingar um einstaklinginn“ koma skilaboð um hvort gripurinn sem sláturfærslan tilheyrir hafi fundist eða ekki. Ef gripur finnst birtist númer í reitnum en annars koma villuskilaboð. Kerfið leitar að gripum út frá einstaklingsmerki sem sláturhúsið sendir inn og á að vera það númer sem er í eyra gripsins.

Í reitnum „Einstaklingsmerki“ eru upplýsingar um númer grips sem kemur frá sláturhúsi. Það er uppsett sem bæjarnúmer+lambnúmer hjá lömbum. Hjá fullorðnum gripum er það bæjarnúmer+síðasta tala í fæðingarári+gripanúmer fullorðins grips.

Ef númerið finnst ekki í gagnagrunni þá er hægt að leiðrétta það í reitnum Einstaklingsmerki og smella svo á „Leiðrétta“ fyrir neðan. Þá leitar kerfið hvort gripur með þetta númer finnst í gagnagrunni. Sama gildir ef leiðrétta þarf flokkun eða fallþunga, þá er gerð breyting í þeim reitum og smellt á „Leiðrétta“.

Fallþunga og flokkun á yfirleitt ekki að þurfa að breyta.

Þegar sláturskrá hefur verið yfirfarin er smellt á „Villuprófa“ – þá fer kerfið yfir alla skrána. Því næst má smella á „Les inn í gagnagrunn“ til að gögnin rati þangað inn.

DÆMI:

Breyta þarf lambanúmeri, t.d. út 742 í 7412.

Þá er reitur fyrst svona

Einstaklingsmerki

3D50742

Þarna væri númeri breytt á þennan veg

Einstaklingsmerki

3D507412

Og smellt á „Leiðrétta“ til að gripur finnst í gagnagrunni og sláturgögn rati á réttan stað.

Annað dæmi sem algengt er að notendur átti sig ekki á eru sláturgögn fullorðinna kinda, sérstaklega kinda sem eru 10 vetra og eldri. Þegar gripur kemur með gripanúmer 6085 hausið 2016 í gögnum fyrir fullorðna gripi leitar það fyrst í ásettum gripum fæddum 2016 en ekki í gripum fæddum 2006.

Dagsetning
25.10.2016-SF

Einstaklingsmerki
3D506085

Vöðva- og fituflokkur
R3 F

Einstaklingsmerki
3D506085

Upplýsingar um einstaklinginn
Einstaklingurinn fannst ekki

Önnur merking

Sláturhús
SAH Afurdir ehf

Athugasemd
Einstaklingurinn fannst

Leiðrétta

Eyða færslu

Eyða öllum færslum

Villuprófa

Les inn í gagnagrunn

Sláturmr.67

Sláturmr.63 09-349
Sláturmr.64 11-198
Sláturmr.65 12-304
Sláturmr.66 08-345
Sláturmr.67
Sláturmr.68 08-178
Sláturmr.69 11-325
Sláturmr.70 10-278
Sláturmr.71 08-257
Sláturmr.72 07-237

Hér finnst ekki gripur fæddur 2006 nema breyta gripanúmerinu í 3D506085 og smella svo á leiðrétta og þá tengir kerfið við réttan grip.

Skrá slátrun – handvirk skráning

Notendur geta einnig skráð slátrun handvirk ef t.d. sláturgögn frá sláturhúsum eru það vitlaus að ekki borgar sig að leiðrétta þau þá er það gert með því að fara í síðuna „Skrá slátrun“. Þessi síða er einnig notuð ef engin sláturgögn berast frá sláturhúsi og/eða þegar um heimslátrun er að ræða.

Ef farið er í „Skrá haustbók“ er einnig hægt að skrá slátrun beint ef valin eru afdrif haust = 1.

Skrá slátrupplýsingar

Kyn	<input type="text" value="Lömb"/>				
Dagsetning	<input type="text"/>	Sláturhús	<input type="text"/>	Vigtunaraðferð	<input type="text" value="Kaldvigt án nýrmörs"/>
	Má ekki vera tómt		Má ekki vera tómt		
Gripanúmer	<input type="text"/>	Fallþungi	<input type="text"/>	Vöðvaflokkur	<input type="text"/>
	Má ekki vera tómt			Fituflokkur	<input type="text"/>
					<input type="button" value="Skrá"/>
	<ul style="list-style-type: none">00010002000300040005000600070008000900100011				

